



Fundargerð

Stjórn SSA 26. sept. 2009 kl. 15.20.

Fundarstaður Herðubreið Seyðisfirði.

Að loknum 43. aðalfundi SSA kom nýkjörin stjórn saman til fyrsta fundar. Mættir eru. Ólafur Ármannsson Björn Hafþór Guðmundsson, Ólafur Sigurðsson, Páll Baldursson Guðmundar Ólafsson, Valdimar O Hermannsson og Íris Valsdóttir. Framkvæmdastjóri mættur.

1. Björn Hafþór Guðmundsson bauð nýkjörna fulltrúa í stjórn velkomna til starfa, og fór yfir stjórnarkjör aðalfundarins Hann bauð velkomna nýja fulltrúa í stjórn SSA þau Íris og Valdimar.

2. Kosningar .

2/1 Kosning formanns .

Formaður SSA var kosinn Björn Hafþór Guðmundsson

2/2 Kosning fyrsta varaformanns.

Fyrsti varaformaður var kosinn Guðmund Ólafsson

2/3 Kosning annars varaformanns.

Annar varaformaður var kosinn Valdimar O Hermannsson

2/4 Framkvæmdaráð SSA skipa :

Björn Hafþór Guðmundsson, Guðmundur Ólafsson og Valdimar O. Hermannsson

3. Samþykktir aðalfundar SSA 2009.

Samþykkt er að formaður og framkvæmdastjóri gangi frá samþykktum aðalfundarins og komi þeim á framfæri til þeirra aðila sem við á og fylgja þeim síðan eftir eins og venja er til.

4. Fundartími tilhögun stjórnarfunda og framkvæmdaráðsfunda.

Tekið fyrir að ræða fundardaga stjórnar og fyrirkomulag þeirra.

Samþykkt að mánudagur verði viðmiðunardagur fyrir stjórnarfundi og þeir hefjist um eða eftir hádegi fundardaga.

Rétt þykir að skoða oftari með símafundi stjórnar þegar því verður við komið og þykir henta. “Snertifundir” stjórnar verði þó meginreglan.

Framkvæmdaráðs fundum sem hafa verið á móti stjórnarfundum annan hvern mánuð mun þá eitthvað fækka á móti.

Framkvæmdastjóri sagði að næsti stjórnarfundur verði sama dag og aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna, en stjórn SSA gegnir einnig hlutverki stjórnar Héraðsnefndar Múlasýslna. Nú er gert ráð fyrir að aðalfundur HNM verði fyrir en venjulega eða um mánaðarmót okt/nóv. nk.

5. Prókúra fyrir framkvæmdastjóra SSA

Óskað hefur verið eftir því af viðskiptabanka SSA að prókúra fyrir framkvæmdastjóra SSA verði endurnýjuð og staðfest á reikninga SSA . Samþykkt að fela formanni að ganga frá staðfestingunni .

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 15.45.

Sign: Þorvaldur Jóhannsson

